

Garðabær 5. mars 2019

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

**Efni:** Tillaga um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar með kaupum á rafhjólum

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að keypt verði tvö rafhjól sem starfsmenn bæjarskrifstofa geta notað til að fara á milli stofnana bæjarins á vinnutíma.

**Greinargerð:** Umræða og áhugi um loftlagsmál hefur stóraukist á Íslandi undanfarin ár í kjölfar Parísarfundarins árið 2015, þar sem komið var á viðtæku hnattrænu samkomulagi um minnkun losunar á koltvísýrungi.

Áhersla á vistvænar samgöngur hafa aukið kröfur um fjölbreyttari lausnir í samgöngum og hægt er að hugsa sér að í framtíðinni verði farið að leigja rafhjól til íbúa og annarra vegfarenda til að komast á milli staða, en slík þróun er hafin í nágrenni löndum okkar.

Með því að efla vistvænar samgöngur í bæjarfélaginu með kaupum á rafhjólum er unnið að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar hvort sem er vegna hávaða- eða staðbundinnar loftmengunar. Notkun rafhjólanna mun jafnframt efla lýðheilsu starfsmanna og auðvelda þeim að ferðast hratt og örugglega milli stofnana bæjarins.

Björg Fenger, formaður íþrótt- og tómstundaráðs  
Jóna Sæmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar